

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 127/2022 vegna kvörtunar um aflýsingu á flugi nr. SK4788 þann 6. júlí 2020.

I. Erindi

Þann 30. júlí 2022 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá AB (kvartendur). Kvartendur áttu bókað far með flugi Scandinavian Airlines (SK) nr. SK4788 frá Keflavík til Tromsø þann 6. júlí 2020 en fluginu var aflýst.

Kvartendur fara fram á endurgreiðslu á flugfargjaldi á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

II. Málavextir og bréfaskipti

Kvörtunin var send SK til umsagnar þann 2. ágúst 2022. Erindið var ítrekað þann 9. september og 17. nóvember 2022. Ekkert svar barst frá SK við meðferð málsins.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt þágildandi lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til SGS, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. þágildandi loftferðalaga. Samgöngustofa bendir á að þar sem atvik kvörtunarinnar gerast í tíð eldri loftferðalaga nr. 60/1998, fer um málið eftir þeim lögum þótt ný lög um loftferðir nr. 80/2022 hafi tekið gildi á Íslandi. Stofnunin tekur málið til skoðunar í samræmi við ákvæði þágildandi laga og stjórnáslaganna og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c. og 140. gr. laganna, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi.

Í 5. mgr. 109. gr. þágildandi loftferðalaga segir að kröfur samkvæmt X. kafla laganna fyrnist ef mál er ekki höfðað áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða tvö ár eru liðin frá þeim degi er loftfar skyldi koma þangað eða frá því að flutningur stöðvaðist. Er hér um að ræða sérreglu gagnvart hinni almennu fjögurra ára fyrningarreglu í 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Þá er það meginregla á sviði kröfuréttar að um fyrningu krafna fer eftir þeim lögum og reglum sem í gildi eru þegar krafan stofnast. Í tilviki bótaréttar þá stofnast krafa við tjónsatburð, í þessu tilviki við aflýsingu flugsins sem um ræðir.

Atvik þessa máls áttu sér stað þann 6. júlí 2020 og kvörtun barst SGS þann 30. júlí 2022, rúmlega tveimur árum síðar. Samkvæmt því var mál þetta fyrnt þegar það barst stofnuninni.

Ákvörðunarorð

Kröfu kvartenda um endurgreiðslu á flugfargjaldi úr hendi Scandinavian Airlines skv. reglugerð EB nr. 261/2004 ,sbr. reglugerð 1048/2012, er hafnað sökum þess að krafan var fyrnd þegar hún barst Samgöngustofu, sbr. 5. mgr. 109. gr. þágildandi loftferðalaga nr. 60/1998.

Ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. þágildandi loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 23. janúar 2023

Ómar Sveinsson

Andri Rúnar Gunnarsson